

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 27.1.2023  
Málsnúmer: 202301-0106  
SS

**Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna forkaupsréttar ríkissjóðs á skika í landi Brekkubæjar við Hellnar, Snæfellsnesi.**

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu dags. þann 16. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort ríkissjóður eigi að falla frá forkaupsrétti sínum á skika í landi Brekkubæjar við Hellnar á Snæfellsnesi.

Um lítinn skika er að ræða, tvo hektara, að mestu á óröskuðu landi sem er innan svæðis á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta). Hraun sem falla undir sérstaka verndun 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eru í nágrenninu en virðast ekki vera innan skikans. Gróðurfar er einkum mó- og moslendi og mögulega er lúpína á svæðinu. Nákvæmar upplýsingar um mörk skikans fylgdu þó ekki gögnunum með umsagnarbeiðininni og því erfitt að leggja nákvæmlega mat á náttúrufer hans.

Verndargildi skikans eins og sér getur ekki talist sérstaklega hátt en tilefni er til að benda á að þar sem svæðið er á C-hluta náttúruminjaskrá m.a. vegna landslags og jarðminja ætti almennt að gæta hófs við uppbyggingu. Að því sögðu vegna smæðar skikans telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að ríkissjóður nýti sér forkaupsrétt sinn sökum náttúruverndarsjónarmiða.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

